

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa**  
**04 101**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa**  
**kt. 710812-0120**  
**Skúlagötu 4, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta. Hlutverk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er að búa í haginn fyrir öflugt og framsækið atvinnulífi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 16 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.261,6 milljónir og afkoma kr. -43,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 70,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 222,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, aðalskrifstofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir,  
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.216.600.000	1.160.300.000
Seld þjónusta .....		14.436.000	102.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	18.706.082	8.112.479
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	11.817.237	9.941.643
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.261.559.319</b>	<b>1.178.456.122</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.006.758.367	900.280.678
Framlög og tilfærslur .....	5	4.079.343	5.637.313
Annar rekstrarkostnaður .....	6	282.174.294	278.143.618
Afskriftir .....	7	11.817.237	9.941.643
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.304.829.241</b>	<b>1.194.003.252</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(43.269.922)</b>	<b>(15.547.130)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	420
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(74.833)	(31.445)
		<b>(74.833)</b>	<b>(31.025)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(43.344.755)</b>	<b>(15.578.155)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(42.665.412)	(13.440.842)
Rekstrartilfærslur .....		(679.343)	(2.137.313)
		<b>(43.344.755)</b>	<b>(15.578.155)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		46.904.964	29.447.510
Aðrar eignir .....		606.320	650.719
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>47.511.284</u>	<u>30.098.229</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.783.814	22.000
Tengdir aðilar .....	9	172.889.788	247.300.445
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		59.504	17.286
Handbært fé .....		432.456	81.745
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>175.165.562</u>	<u>247.421.476</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>222.676.846</u>	<u>277.519.705</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		70.247.090	113.591.845
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>70.247.090</u>	<u>113.591.845</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	700.810	743.667
Viðskiptaskuldir .....		9.461.478	14.455.110
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	115.045.544	102.662.525
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	27.221.924	46.066.558
<b>Skuldir samtals</b>		<u>152.429.756</u>	<u>163.927.860</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>222.676.846</u>	<u>277.519.705</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(43.344.755)	(15.578.155)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	11.817.237	9.941.643
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(11.817.237)	(9.941.643)
		<u>(43.344.755)</u>	<u>(15.578.155)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.804.032)	909.491
Tengdir aðilar .....		38.110.111	(13.147.290)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		7.389.387	21.573.535
		<u>43.695.466</u>	<u>9.335.736</u>
		<u>350.711</u>	<u>(6.242.419)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(29.230.292)	(11.187.441)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		45.000	88.450
		<u>(29.185.292)</u>	<u>(11.098.991)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		20.485.292	2.198.991
Fjárfestingarframlag .....		8.700.000	8.900.000
		<u>29.185.292</u>	<u>11.098.991</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		350.711	(6.242.419)
		<u>81.745</u>	<u>6.324.164</u>
		<u>432.456</u>	<u>81.745</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	1.216.600.000	1.160.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	11.817.237	9.941.643
	<u>1.228.417.237</u>	<u>1.170.241.643</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.184.000.000	3.400.000	0	1.187.400.000
Fjáraukalög .....	22.100.000	0	0	22.100.000
Millifært úr varasjóð .....	7.100.000	0	0	7.100.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.213.200.000</b>	<b>3.400.000</b>	<b>0</b>	<b>1.216.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.255.865.412)	(4.079.343)	0	(1.259.944.755)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(42.665.412)</b>	<b>(679.343)</b>	<b>0</b>	<b>(43.344.755)</b>

2021 2020

### 3 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	180.000	0
Kostnaðarhlutdeild .....	8.065.414	7.000.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	8.951.564	935.664
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	1.509.104	0
Ýmsar tekjur .....	0	176.815
	<u>18.706.082</u>	<u>8.112.479</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	805.073.199	709.883.268
Orlof, breyting .....	14.177.734	18.737.053
Launatengd gjöld .....	179.408.381	159.386.834
Starfsmannakostnaður .....	8.099.053	12.273.523
	<u>1.006.758.367</u>	<u>900.280.678</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	68,5	59,5

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til erlendra aðila .....	4.079.343	5.637.313
	<u>4.079.343</u>	<u>5.637.313</u>

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.674.380	2.342.990
Ýmis tæki og áhöld .....	7.451.965	5.241.764
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	833	2.502
Orkugjafar .....	322.444	2.110.739
Matvæli .....	8.123.448	7.803.573
Almennar rekstrarvörur .....	1.066.730	1.260.321
Vörukaup, almenn	19.639.800	18.761.889
Kennslu- og fönurvörur .....	78.232	11.662
Ýmsar sérgreindar vörur .....	39.526	169.406
Vörukaup, sérgreind	117.758	181.068
Fundir, námskeið, risna .....	2.602.994	2.308.246
Ferðir, uppihald .....	9.514.876	8.073.231
Akstur .....	1.333.960	2.092.305
Sérfræðiþjónusta .....	47.872.945	73.706.123
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	124.312	35.286
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	18.477.867	23.297.992
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	5.337.221	6.691.556
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	85.264.175	116.204.739
Afnotagjöld .....	14.769.669	17.933.206
Leigugjöld .....	88.565.675	65.771.305
Notkun véla og flutningatækja .....	109.711	357.779
Verkkaup .....	15.656.819	15.573.833
Kostnaðarhlutdeild .....	58.050.687	43.251.650
Opinber gjöld .....	0	8.149
Tilfærslur .....	0	100.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	177.152.561	142.995.922
Annar rekstrarkostnaður samtals	282.174.294	278.143.618
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	11.772.838	9.787.197
Aðrar eignir .....	44.399	44.399
Söluþap og úreltar eignir .....	0	110.047
	11.817.237	9.941.643

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	46.904.964	29.447.510
Aðrar eignir .....	606.320	650.719
	<u>47.511.284</u>	<u>30.098.229</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	89.718.112	944.004	90.662.116
Viðbætur á árinu .....	29.230.292	0	29.230.292
Selt/úreitt á árinu .....	(1.139.869)	0	(1.139.869)
	<u>117.808.535</u>	<u>944.004</u>	<u>118.752.539</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	60.270.602	293.285	60.563.887
Afskrift ársins .....	11.772.838	44.399	11.817.237
Selt/úreitt á árinu .....	(1.139.869)	0	(1.139.869)
	<u>70.903.571</u>	<u>337.684</u>	<u>71.241.255</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>46.904.964</u>	<u>606.320</u>	<u>47.511.284</u>

### 9 Tengdir aðilar

31.12.2021 31.12.2020

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	169.788.272	247.300.445
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	3.101.516	0
	<u>172.889.788</u>	<u>247.300.445</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	700.810	743.667
	<u>700.810</u>	<u>743.667</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	113.591.845	157.808.618
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(28.638.618)
Afkoma ársins .....	(43.344.755)	(15.578.155)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>70.247.090</u>	<u>113.591.845</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	114.610.259	100.432.525
Önnur ógreidd gjöld .....	435.285	2.230.000
	<u>115.045.544</u>	<u>102.662.525</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	47.511.284	30.098.229
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(20.289.360)	15.968.329
	<u>27.221.924</u>	<u>46.066.558</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	30.098.229	15.968.329	46.066.558
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins .....	0	(15.772.397)	(15.772.397)
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	8.700.000	8.700.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	45.000	45.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	29.230.292	(29.230.292)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(11.817.237)	0	(11.817.237)
	<u>47.511.284</u>	<u>(20.289.360)</u>	<u>27.221.924</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 11,7 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn skuldbindandi samning um þjónustu. Greiðslur vegna húsaleigusamnings mun nema kr. 91,7 milljónir árið 2022 og vegna þjónustusamnings kr. 1,5 milljónum árið 2022.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.